

AUGLÝSING

um skipulag í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Ljósavatnshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 283.

17. september 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. september 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lizziar og Páls á Halldórsstöðum og er stofnaður af William Fr. Pálssyni, til minningar um foreldra hans frú Lizzi og Pál Þórarinsson, sem bjuggu á Halldórsstöðum í Laxárdal frá árinu 1894 til 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 250 000,00 — tvöhundruð og fimmtíuþúsund krónur — og skal það ávaxtast í ríkistrygðum banka. Auka má sjóðinn með gjöfum eða annarri fjáröflunarstarfsemi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og efla byggð í Laxárdal, styrkja starfsemi Kvenfélags Laxdæla og efla samtök kvenna í dalnum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en árlegum vaxtatekjum hans má verja samkvæmt framanskráðu og sér stjórn sjóðsins um úthlutun úr honum.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kvenfélags Laxdæla og lögleg stjórn þess félags á hverjum tíma, skal vera stjórn sjóðsins og skal hún sjá um reikningshald hans.

Ef kvenfélagið hættir störfum kýs hreppsnefnd Reykdælahrepps þrjár konur, búsettar í Laxárdal, í stjórn sjóðsins og skulu þær kosnar til tveggja ára í senn.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera hreppstjóri Reykdælahrepps, ef hann er búsettur í Laxárdal, en annars skal hreppsnefndin í Reykdælahreppi kjósa endurskoðanda, sem búsettur er í Laxárdal.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1974.**

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1974, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsöluglaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 20 000.00
II. flokkur	— 16 000.00
III. flokkur	— 12 000.00
IV. flokkur	— 8 000.00
V. flokkur	— 4 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Akureyrar Apótek,
Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.
- IV. flokkur: Akranes Apótek,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,
Laugarnes Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.